

fína brýna skyldu mína til að benda mönnum á:
 Bók ein er fyrir skömmu komin út á norski
 (danskri) tungu, er meira má af læra að því
 er snertir trúarstefnu norsku sýnóðunnar, en flest
 ef ekki allt, sem áður hefir komið fyrir almenn-
 ings sjónir þar að lútandi. Rit þetta er því
 merkilegra og þýðingarmeira, sem það er samið
 af guðfræðingi og kennimanni, 'er bæði hefir ver-
 ið í prests og prófessors stöðu innan norsku sýn-
 óðunnar, og sem því hlýtur að þekkja guðfræði
 þessa kirkjufjelags ofan í kjölinu. Maður þessi
 heitir O. Asperheim og hefir sem stendur prests-
 embætti á hendi í New York í nafni hins norska
 kristnibóðsfjelags (í Norvegi). Hann hefir feng-
 ið guðfræðismenntun sína á háskóla Norðmanna
 í Kristjanlu. Tókst hann fyrir nokkrum árum prest-
 skap á hendur í norsku sýnóðunni hjer í Ameríku,
 og þegar sýnóðan fyrir 2—3 árum stofnaði hinn
 fyrsta prestaskóla sinn, var hann kjörinn til kenn-
 ara við þessa stofnun. Svo leið eitt ár við skóla
 þennan án þess nokkuð yrði þar sögulegt. (Hall-
 dór Briem dvaldi þar nokkrar vikur á því ári.)
 En svo kom annað skólaárið, og þá gat Asper-
 heim ekki lengur unnið í samfélagi við hinn
 annan guðfræðiskennara þar við skólann. Sá heitir
 Schmidt, þýskur maður, og hafði áður verið einn af
 kennurum sjera Páls Þorlákssonar á hinum þýska
 prestaskóla Missouri sýnóðunnar í St. Louis. Það
 var frá þessum Schmidt að sjera Páll, eins og menn
 ef til vill muna, útvegaði vitnisburðinn góða um
 Halldór Briem, sem í fyrra var á gangi víðsveg-
 ar meðal Íslendinga hjer vestra í „Snarfara“ (hinnu
 skrifaða kirkjumála-blaði sjera Páls) og sem loks
 birtist í „Framfara“. Eitt einkennilegt við norsku